

Aðalfundur Hverfisnefndar Lunda- og Gerðahverfis 2014 haldinn þann 27. nóvember 2014 kl. 20:00 í Lundarskóla.

Á dagskrá voru almenn aðalfundarstörf, auk þess að mynda nýja hverfisnefnd.

Aðeins tveir íbúar mættu fyrir utan nefndina.

Þegar ljóst var að fleiri myndu ekki skila sér á fundinn hófust óformlegar umræður meðal fundarmanna.

- Nefndin tók við kvörtun frá gesti um ókláraða gangbraut á Dalsbraut sem er ekki aðeins lýti á götunni, heldur talið mikilvægt að klára gangbrautina og setja upp umferðarljós.
 - Formaður upplýsti bréfaskipti sem hann hefur átt í við bæjartæknifræðing um tiltekna gangbraut. Ber þar helst að nefna að umrædd gangbraut var ekki færð inn á framkvæmdaáætlun fyrir árið 2014. Nefndin mun hins vegar fylgjast með þróun mála á árinu 2015.
- Þá kom til umræðu þrengsli á götu við gangbrautarljós á Þingvallastræti til móts við Hrísalund. Umrædd þrengsli talin frekar hættuleg og veita falskt öryggi.
- Fórum yfir og gerðum grein fyrir því umhverfisfé sem hverfisnefnd var úthlutað. Keyptir voru tveir bekkir með áföstum borðum sem staðsettir voru í “U-inu” á Lundarskólalóð. Blakvöllur betrumbættur, færa á stangir utar svo völlurinn nýtist við fleira en blak, auk þess sem óskað var eftir litlum mörkum eða römmum á girðingu fyrir yngri börnin í fótbolta á blakvellingum. Þá var lagt í kaup á körfuboltaspjöldum fyrir körfuboltavöll á Lundarskólalóð, verða þau sett upp þegar skúrar austan við skólann verða fjarlægðir í vor.
- Til tals kom að nokkuð hafði heyrst um að það vanti borð og bekki við jólasveinabrekku og þar sem nefndarmönnum sýndist svo að nægur peningur væri eftir af fjármagni fyrir árið 2014 var ákveðið að leggja inn pöntun fyrir bekkjum fyrir jólasveinabrekku.
- Nefndarmenn og gestir fóru á flug fyrir umhverfisárið 2015 og nokkrar hugmyndir voru bornar fram. Nefndin mun fylgjast yfir þær á nýju ári.
- Nefndin stofnaði facebooksíðu í nafni íbúa hverfisins og urðu meðlimir fljótt komnir yfir hundrað talsins. Það er von okkar að allir þeir sem komnir eru inn muni bjóða af sínum vinalista vinum í hverfinu til að reyna að ná til sem flestra heimila í hverfinu. Teljum mikilvægt að ná til íbúa á auðveldan og skjótan hátt, auk þess sem íbúar geta haft skoðanaskipti þarna inni. Þrátt fyrir að auglýsing um fundinn hafi verið ítrekuð inni á facebook síðunni virtist hún ekki skila íbúum á aðalfundinn. Ræddum mögulegar aðferðir við að fá fólk til að mæta og teljum við áhrifaríkast að fá til okkar fyrirlesara um eitthvað ákveðið málefni er varðar hverfið eða jafnvel bæjarfulltrúa.

Aðeins einn íbúi í hverfinu sýndi áhuga á að starfa í hverfisnefnd. Umræddur íbúi komst ekki á fundinn en nefndin mun verða í sambandi við hann fljótlega. Núverandi nefndarmenn voru báðir (einmitt, við erum aðeins tvö) tilbúnir að hætta í nefndinni ef slegist yrði um að komast í hana. Ekki varð það úr svo þeir munu báðir halda áfram störfum að sinni, auk þess að taka vel á móti þeim þriðja.

Fundi slitið kl. 21.30
Fundargerð ritaði,
Svala Björnsdóttir